

ÁÆTLAÐ UMFANG RASKAÐS SKÓGLENDIS, VOTLENDIS OG RÆKTAÐS LANDS VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ FLJÓTSDALSLÍNUR 3 OG 4.

Greinargerð – febrúar 2000

Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Hönnunar og ráðgjafar er hér gerð grein fyrir umfangi ræktaðs lands, skóglendis og votlendis sem gæti spillst eða raskast vegna framkvæmda við Fljótisdalslínur 3 og 4 út frá gróðurkorti með skýrslu um gróðurfar við fyrirhuguð línustæði (Sjá: Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 1999).

Forsendur

Ekki fundust heimildir um skilgreiningu áhrifasvæða háspennulína á gróður. Því var ákveðið að láta „byggingabannsvæði“ háspennulínanna afmarka gróðurlendi. Slík afmörkun er yfirgripsmikil þar sem varla er hægt að gera ráð fyrir að rask nái yfir allt byggingabannsvæði háspennulína þrátt fyrir að innan þeirra séu slóðir og plön fyrir möstur. Þar sem línurnar liggja saman er byggingabannsvæðið 125,5 m breitt en þar sem línurnar eru aðskildar er það 65,5 m breitt.

Ekki þótti ráðlegt að fara út í ítarlegri afmörkun á röskuðum svæðum, með tilliti til staðsetningar plana fyrir möstur, þar sem gróðurkortin eru töluvert einfölduð, sérstaklega á landsvæðum þar sem gróður mynda mósaík úr mismunandi gróðurlendum. Til dæmis einkennast votlendissvæðin á byggingabannsvæði línustæðanna á Hallormsstaðahálsi af mýrardrögum með melkollum á milli. Auk þess er ljóst að endanleg lega slóða og hugsanlega endanleg staðsetning mastra verður útfærð með tilliti náttúrufars og staðháttu.

Niðurstöður og ályktanir

Nauðsynlegt er að áréttu að tölurnar í **Töflu II** byggja á yfirgripsmikilli afmörkun gróðurlenda og því líklegt heildarflatarmál þeirra sé ofátlað.

Tafla I: Ýmsar stærðir

| Ýmsar stærðir | Flatarmál (m ²) |
|--|-----------------------------|
| Heildarflatarmál byggingabannsvæða fyrir Fljótisdalslínur 3 og 4 | ≈ 6.770.000 |
| Heildarflatarmál svæða sem fara undir möstur ¹ | ≈ 34.000 |
| Hlutfall byggingabannsvæða sem fer undir möstur | ≈ 0,5% |
| Heildarflatarmál svæða sem fara undir nýjar slóðir ² | ≈ 175.000 |
| Hlutfall byggingabannsvæða sem fer undir nýjar slóðir ³ | ≈ 2% |

1 miðað við 170 möstur á hvora línu og 100 m² plön undir möstrin.

2 miðað við 35 km af 5 m breiðum slóðum.

3 miðað við að hlutfall nýrra slóða innan byggingabannsvæðisins sé um 80% af öllum nýjum slóðum

Tafla II: Flatarmál gróðurlenda innan byggingabannsvæða.

| Gróðurlendi | Flatarmál (m ²) |
|-------------|-----------------------------|
| Votlendi | ≈ 1.520.000 |
| Ræktað land | ≈ 335.000 |
| Skóglendi | ≈ 180.000 |

Tafla III: Flatarmál gróðurlenda á nýjum slóðum utan byggingabannsvæða miðað við 5 m breiðar slóðir

| Gróðurlendi | Flatarmál (m ²) |
|-------------|-----------------------------|
| Votlendi | ≈ 7.100 |
| Ræktað land | ≈ 2.100 |

Miðað við að plön undir möstur þeki um 0,5% af byggingabannsvæðum, þá má að hámarki ætla að um **7800 m²** af votlendi, um **1675 m²** af ræktuðu landi og um **900 m²** af skóglendi lendi undir plön.

Gróft áætlað falla 80% nýrra slóða innan byggingabannsvæðisins. Miðað við að nýjar slóðir nái yfir um 2% af byggingabannsvæðum má að hámarki áætla að um **30.000 m²** af votlendi, um **6700 m²** af ræktuðu landi og um **3600 m²** af skóglendi lendi undir nýjar slóðir. Ekki er tekið tillit til uppbyggingar gamalla slóða.

Tafla III sýnir flatarmál gróðurlenda sem falla undir nýjar slóðir utan byggingabannsvæða. Rask gæti þó orðið meira en sem nemur breidd slóða. Nýjar slóðir sem falla utan byggingabannsvæða eru m.a. slóðir á votlendissvæðum utan við Mýrar í Skriðdal og frá Tófuöxl niður í Fljótsdal.

Áætlað heildarflatarmál gróðurlenda sem lenda undir nýjar slóðir er því um **37.000 m²** af votlendi, um **8.800 m²** af ræktuðu landi og um **3600 m²** af skóglendi.

Samtals áætlað flatarmál gróðurlenda sem lenda undir slóðir og plön eru um **44.800 m²** af votlendi, um **10.475 m²** af ræktuðu landi og um **4500 m²** af skóglendi.

Ef staðsetningar mastra og slóða verða útfærðar með tilliti til gróðurfars og staðhátta er líklega hægt að lækka þessar tölur, sérstaklega hvað varðar votlendi.